



Reykjavík, 4. júlí 2018
SFS2018080036
142. fundur
HG/img

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Ráðning í stöðu leikskólastjóra Drafnarsteins

Starf leikskólastjóra í Drafnarsteini var auglýst á vegum Reykjavíkurborgar til umsóknar á vef borgarinnar undir auglýsingum um laus störf og í Fréttablaðinu 9. júní 2018 í samræmi við 2. gr. í fylgiskjali 4, um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar í kjarasamningi LN og KÍ vegna FSL. Umsóknarfrestur var til og með 25. júní 2018. Ráðið verður í leikskólastjórastöðuna frá og með 1. september 2018.

Í auglýsingu var meginhlutverki leikskólastjóra í Drafnarsteini lýst þannig:

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

Í auglýsingu um starfið voru eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur gerðar til umsækjenda:

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Óskað var eftir að umsækjendur skiluðu greinargerð um framtíðarsýn sína á starf í leikskólanum með umsókninni.

Þrír sóttu um leikskólastjórastöðuna en tveir umsækjendur drógu umsókn sína til baka. Umsækjandi er Halldóra Guðmundsdóttir.

Við ákvörðun um ráðningu var byggt á kröfum sem fram komu í auglýsingu.

Niðurstaða:

Þann 3. júlí 2018 gerði skrifstofustjóri skrifstofustjóra fagskrifstofu leikskólamála sviðsstjóra grein fyrir niðurstöðu ráðningarteymisins. Við mat á umsókn og ráðningarviðtali var niðurstaðan að Halldóra Guðmundsdóttir væri fyllilega hæf til að gegna stöðu leikskólastjóra í Drafnarsteini.

Ákvörðun sviðsstjóra er að ráða Halldóru Guðmundsdóttur leikskólastjóra við leikskólann Drafnarstein frá 1. september 2018.

Halldóra lauk B.Ed. gráðu í leikskólakennarafræðum frá Kennaraháskóla Íslands 1999 og hefur lokið 30 ECTS í meistaranámi í stjórnun menntastofnana við Háskóla Íslands.

Halldóra hefur starfað sem leikskólakennari í tvö ár, sem deildarstjóri í 9 ár, sem leikskólastjóri í eitt ár og sem aðstoðarleikskólastjóri í Drafnarsteini frá 2011, eða í 7 ár.